

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 81/2002**

**frá 25. júní 2002**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2002 frá 31. maí 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 frá 8. mars 2001 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum <sup>(2)</sup>, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 313, 30.11.2001, bls. 60, skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/54/EB frá 11. júlí 2001 um niðurfellingu tilskipunar 79/1066/EBE um greiningaraðferðir innan bandalagsins til prófunar á kaffíkjarna og síkóríukjarna <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/101/EB frá 26. nóvember 2001 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2375/2001 frá 29. nóvember 2001 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum <sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 238, 5.9.2002, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 5.9.2002, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 191, 13.7.2001, bls. 42.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 310, 28.11.2001, bls. 19.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 321, 6.12.2001, bls. 1.

- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/873/EB frá 4. desember 2001 um leiðréttingu á tilskipun 2001/22/EB um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með magni blýs, kadmíums, kvikasilfurs og 3-MCPD í matvælum <sup>(6)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 7) Reglugerð (EB) nr. 466/2001 fellir úr gildi, frá 5. apríl 2002, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 194/97 <sup>(7)</sup>, sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.

#### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

##### *I. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XII. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi bætist við í 18. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/13/EB):  
„, eins og henni var breytt með:
  - **32001 L 0101:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/101/EB frá 26. nóvember 2001 (Stjtíð. EB L 310, 28.11.2001, bls. 19).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 54zj (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/22/EB):  
„, eins og henni var breytt með:
  - **32001 D 0873:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/873/EB frá 4. desember 2001 (Stjtíð. EB L 325, 8.12.2001, bls. 34).“
3. Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 54zl (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB):
  - „54zm. **32001 L 0054:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/54/EB frá 11. júlí 2001 um niðurfellingu tilskipunar 79/1066/EBE um greiningaraðferðir innan bandalagsins til prófunar á kaffíkjarna og síkóríukjarna (Stjtíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 42).
  - 54zn. **32001 R 0466:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001 frá 8. mars 2001 um hámarks magn tiltekinna mengunarefna í matvælum (Stjtíð. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1) eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 313, 30.11.2001, bls. 60, eins og henni var breytt með:

---

<sup>(6)</sup> Stjtíð. EB L 325, 8.12.2001, bls. 34.

<sup>(7)</sup> Stjtíð. EB L 31, 1.12.1997, bls. 48.

- **32001 R 2375:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2375/2001 frá 29. nóvember 2001 (Stjtið. EB L 321, 6.12.2001, bls. 1).“

4. Texti 22. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 79/1066/EBE) falli brott.
5. Texti liðar 54r (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar EB nr. 194/97/EBE) falli brott.

*2. gr.*

Texti tilskipana 2001/54/EB og 2001/101/EB, reglugerða (EB) nr. 466/2001, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 313, 30.11.2001, bls. 60 og 2375/2001 og ákvörðunar 2001/873/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes      M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

